



Lágmarksupplýsingar sem eiga að fylgja matvælum

Matvælafyrirtæki á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar eiga að geta tilgreint hvaðan þau fá hráefni og hvert þau selja eða dreifa vöru.

Með því að skrá rekjanleika eitt skref fram og eitt skref aftur er hægt að rekja feril matvæla. Öll fyrirtæki í framleiðsluferli matvæla verða að uppfylla þessar skyldur.

Tilgangurinn með rekjanleika matvæla er að gera matvælafyrirtækjum kleift að stöðva dreifingu matvæla, taka þau af markaði og innkalla ef upp kemur grunur um hættu. Með samfelldum rekjanleika í gegnum allt matvælaferlið á innköllun að ganga fljótt og vel fyrir sig. Það er á ábyrgð matvælafyrirtækisins að grípa til aðgerða en það er jafnframt skylda þess að upplýsa eftirlitsaðila um hættuleg matvæli verði grunur um slíkt og þær ráðstafanir sem gripið er til, svo hægt sé að sannreyna að innköllun hafi tekist.

Með betri rekjanleika er hægt að stuðla að aukinni neytendavernd og lágmarka fjárhagslegt tjón fyrirtækja.

Við flutning, dreifingu og geymslu matvæla skulu tilteknar lágmarksupplýsingar vera á ytri umbúðum¹ sem eru eftirfarandi:

- Vöruheiti, (skv. 17. gr., viðauki VI í reglugerð nr. 1169/2011)
- Geymsluþol, (24. gr., viðauki X í rg. nr. 1169/2011)
- Geymsluskilyrði fyrir kæli- og frystivörur, (5. gr. í 1294/2014 og 25. gr í rg. nr. 1169/2011)
- Ábyrgðaraðili, (8. gr í rg. nr. 1169/2011)
- Auðkennismerki þar sem við á (matvæli úr dýraríkinu). (5. gr., viðauki II í rg. nr. 104/2010)

Aðrar matvælaupplýsingar mega vera á fylgiskjöllum s.s. listi yfir innihaldsefni².

Matvælafyrirtæki eins og veitingastaðir skulu hafna vörum í móttökueftirliti sem ekki eru merktar með lágmarksupplýsingum. Ef engar upplýsingar fylgja matvælunum þá er ekki hægt að sýna fram á rekjanleika þeirra.

¹ Ytri umbúðir eru t.d. pappakassar sem forpökkuðum matvælum er dreift í og plastbakkar sem óforpökkuðum matvælum, t.d. hamborgurum eða fiski, er dreift í til stóreldhúsa.

² Sjá nánar um lögboðnar matvælaupplýsingar: <https://reykjavik.is/midlun-upplysinga-um-matvaeli-til-neytenda>.